



Nordic GeoGebra Network
nordic.geogebra.no



Ráðstefnan er á vegum Nordic GeoGebra Network og er skipulögð í samstarfi við ráðstefnunefnd í Tartu. Upplýsingar og skráning á vefsíðu ráðstefnunnar
<http://hylblog.edu.hel.fi/wpmu/ggtartu12/>

Mikilvægar dagsetningar

- 30. apríl: Skil á ágripi fyrir fyrirlestur, vinnustofu eða veggspjald í síðasta lagi
- 15. júní: Skráning með ráðstefnugjald 120 evrur í síðasta lagi.
- 25. ágúst: Skráning með ráðstefnugjald 200 evrur í síðasta lagi.

Aðalfyrirlesarar (plenary)

- Balazs Koren frá GeoGebra teyminu.
- Svein Torkildsen, Noregi
- Malin Christersson, Svíþjóð
- Leo Pahkin, Finnlandi
- Ingólfur Gíslason og Valgarð Jakobsson, Íslandi
- Rikke Teglskov og Bo Kristensen, Danmörku

Auk aðalfyrirlestra verða fjölmargar (>20) vinnustofur og styttri fyrirlestrar eða veggspjöld um notkun GeoGebra við stærðfræðikennslu í grunn-, framhalds- og háskólum.

Ráðstefnan er styrkt af Nordplus Horizontal.

Hagnýtar upplýsingar

Framlög þáttakenda: stærðfræðikennarar á öllum skólastigum eru hvattir til að taka virkan þátt með því að flytja stutta fyrirlestra um notkun sína á GeoGebra, vera með vinnustofu þar sem þeir kenna öðrum kennurum eða veggspjald. Opið er fyrir slík framlög til 30. apríl, sjá vefsíðu.

Ferðalag: Ráðstefnan er haldin í Tartu, Eistlandi. Til að komast þangað er einfaldast að fljúga til Tallinn og taka rútu þaðan til Tartu (ca. 2.5 klst). Ráðstefnan hefst eftir

hádegi þann 14. september og lýkur eftir hádegi þann 16. september. Það er því nauðsynlegt að ferðast frá Íslandi þann 13. september en heimferð ætti að nást þann 16. september. Það er líka möguleiki að fljúga til Helsinki og þaðan beint til Tartu.

Gisting: ráðstefnugestir þurfa sjálfir að bóka gistingu. Samið hefur verið við þrjú hótél um afslátt fyrir ráðstefnugesti (38 – 68 evrur/nótt), sjá vefsíðu ráðstefnunnar.

Ráðstefnugjald: er 120 evrur (ca. 20þ.kr). Innifalið í því eru kaffi og hádegismatur á meðan á ráðstefnunni stendur auk móttöku og hátíðarkvöldverðar.

Kostnaður: 75 – 80þ.kr (flug skv. dohop.com miðað við heimferð á sunnudegi) + 19 – 34 þ.kr (gisting) + 20þ.kr (ráðstefnugjald) = 114 – 134 þ.kr.

Upplýsingar um styrkjamöguleika kennara á <http://www.ki.is>

Um aðalfyrirlesara

Balazs Koren kemur frá Ungverjalandi og tilheyrir GeoGebra teyminu, sjá <http://www.geogebra.org/cms/en/team> hann flytur fyrirlestur um helstu nýjungar (tæknilegar og samfélagslegar) í GeoGebra á síðastliðnu ári. Titill fyrirlesturs er: *Overview what has happened in the GeoGebra Community in the last year.*

Svein Torkildsen frá Noregi hefur kennt stærðfræði á unglingastigi grunnskóla í fjölda ára og vinnur nú að kennaramenntun og þróunarstarfi á sviði stærðfræðimenntunar, sjá <http://www.matematikkseneret.no/content/643/Svein-H.-Torkildsen>. Hann flytur fyrirlesturinn: *GeoGebra as a Tool for developing Mathematical Competence.*

Malin Christersson frá Svíþjóð er framhaldsskólakennari sem gert hefur mikið af kennsluefni fyrir GeoGebra, sjá <http://malinc.se/math/>

Leo Pahkin frá Finnlandi er „Counselor of Education at the Finnish National Board of Education“. Hann hefur kennt stærðfræði um árabíl og unnið að kennaramenntun og rannsóknum.

Ingólfur Gíslason og Valgarð Jakobsson frá Íslandi vinna saman að þróun á nýjum kennsluháttum við stærðfræðikennslu þar sem GeoGebra er mikið notuð. Valgarð kennir við framhaldsskólann í Mosfellsbæ og Ingólfur stundar doktorsnám við Menntavísindasvið HÍ. Þeir flytja fyrirlesturinn: *GeoGebra as a tool to support thoughtful discussion and open investigations in mathematics.*

Rikke Teglskov og Bo Kristensen frá Danmörku eru háskólakennari og grunnskólakennari sem notað hafa og gert rannsóknir á notkun GeoGebra. Titill fyrirlesturs er: *The use of pre-programmed applets in mathematics lessons in years 2 and 7 in Danish Schools.*